



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 24. maí 2019

USK2019020055

5.21

Innkauparáð

**Miðlæg stýring umferðarljósa. Heimild til samningskaupa.**

Óskað er eftir að innkauparáð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í samningskaup á grundvelli 22. gr. (b) í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Um er að ræða kaup á vélbúnaði og hugbúnaði auk þjónustusamnings vegna uppfærslu á svonefndri miðlægri stýringu umferðarljósa (MSU) í Reykjavík. Verkefnið er samvinnuverkefni með Vegagerðinni sem greiðir helming kostnaðar við uppfærsluna. Kerfið er frá Siemens í Þýskalandi, umboðsaðili á Íslandi er Smith & Norland hf. Áætluð upphæð samningskaupa vegna hluta Reykjavíkur er um 30 mkr. með vsk.

Greinargerð:

Miðlæg umferðarstýring umferðarljósa (MSU) er unnin með Sitraffic Scala frá Siemens. Kerfið hefur verið uppfært og endurnýjað í gegnum árin, bæði hugbúnaður og vélbúnaður. Frá 2007 hefur verið unnið með TASS-stýringu sem er miðlæg stýring sem tekur tillit til umferðar og velur þau stýriforrit sem ná bestum árangri fyrir viðkomandi stað/svæði hverju sinni. Frá upphafi MSU hefur verið gert ráð fyrir að bæta við svokallaðri MOTION-stýringu, sem er staðbundin rauntímastýring. Umferðin hefur þá bein áhrif á stýringu á ákveðnum stað, einum gatnamótum eða einni grænni bylgju. TASS er þá kúplað út á þeim hluta kerfisins og keyrt tímabundið á MOTION. Rauntímastýring hentar vel til stýringar á óhefðbundnu umferðarflæði til dæmis í tengslum við fjölsóttu viðburði eða á álagstíma þar sem umferð er komin yfir mettunarmörk gatnakerfisins. Nú er áætlað að koma á MOTION-stýringu á fernum gatnamótum Höfðabakka við hliðargötur. Vegna þess þarf annars vegar að uppfæra búnað stýritölvunnar (*server hardware*) og hins vegar að kaupa MOTION-stýringuna (*extension with MOTION*). Hvoru tveggja er beintengt miðlægu umferðarljósa stýringunni, þ.e. tölvunni sjálfri en ekki búnaði einstakra gatnamóta.

<https://reykjavik.is/thjonusta/midlaeg-styring-umferdarljosa>

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds